



Fundargerð 94. fundar svæðisskipulagsnefndar

94. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 19. júní 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi og á fjarfundi

Mæting:

Reykjavík:

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Marianna Hugrún Helgadóttir

Magnús Ingi Kristmannsson

Varaformaður, Helga Hauksdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. **Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins/málsnr. 2002005**
Lögð fram skýrsla ALTA dags 19. júní 2020.

Afgreiðsla

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að vísa skýrslu ALTA dags. 19.06.2020 til stjórnar SSH.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá.

2. **Kynning: Borgarlína stöðufundur**

Hrafnkell Proppé og Lilja Karlsdóttir, fulltrúar frá skrifstofu Borgarlínu, kynna stöðu vinnu við undirbúning verkefnisins.

JKA
##



Sveinn Óskar Sigurðsson bókar:

Almenningssamgöngur eru mikilvægar en Borgarlínan er ekki tímabær fyrir margra hluta sakir. Það er mikilvægt að raða valkostum eftir því sem fjárhagur hins opinbera, í þessu tilviki sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkis, leyfir. Önnur aðkallandi sjálfbær verkefni, sem munu minnka mengun umtalsvert ekkert síður en Borgarlínan, í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu verða að ganga fyrir á næstu árum. Ekki er séð að Borgarlínan geti stuðlað að aukinni almennri notkun á almenningssamgöngum frá því sem nú er. Það eru mjög sterkar líkur á því að Borgarlínan muni ekki mæta áformum í tengslum við loftslagsmarkmið þau sem fyrir liggja. Hefur viðleitni meirihlutans í Reykjavíkurborg miðast við að auka hlut almenningssamgangna um árábil en ekki tekist sem enn virðist vera um 4%. Í tilefni þeirrar umræðu sem nú á sér stað á Alþingi um samgöngumál og samgönguáætlun annars vegar 2020-2024 (þingskjal 598/150) og hins vegar 2020-2034 (þingskjal 599/1509 er rétt að minnast á BS-ritgerð í hagfræði eftir hagfræðinginn Pálma Sigurjónsson sem vann verkið undir leiðsögn dr. Ragnars Árnasonar hagfræðiþrúfessors sem kom út árið 2018. Þar kemur glögglega í ljós að Borgarlínan er síðri kostur en víða er látið í veðri vaka. Alsendis er óvíst að samfélagslegur ábáti Borgarlínu, ásamt tilsvarandi breytingum á leiðarneti Strætó, nemi 25,6 milljarða krónum (sbr. fyrirliggjandi kynningu) haldist hlutur almenningssamgangna áfram 4%.

3. Aðalskipulag Kópavogs: Fannborgarreitur og Traðarreitur vestur/málsnr. 1912005

Lögð fram til kynningar vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012 – 2024. Í breytingunni felst þróun á Fannborgarreit og Traðarreitur-vestur, fyrir þéttingu byggðar.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við vinnslutillögu.

4. Aðalskipulag Reykjavíkur: Stefna um íbúðarbyggð – stakir reitir/málsnr. 2006010

Lögð fram til kynningar og umsagnar drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 varðandi skilgreiningar nýrra reita fyrir íbúðarbyggð.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við drög að aðalskipulagsbreytingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að nokkur svæðanna (1, 4 og 5) er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir jafnframt að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

JKA
##



5. Aðalskipulag Reykjavíkur: Sértek búsetuúrræði/málsnr. 2006008

Lögð fram til kynningar og umsagnar drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 varðandi sértek búsetuúrræði innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins, .m.a. varðandi húsnæðislausnir fyrir heimilislauða.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við drög að aðalskipulagsbreytingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að efni breytingarinnar fellur undir leiðarljós 6 í svæðisskipulagi: Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar og markmið 5.1. og 5.2. Þar undir en þar koma fram markmið um 20 mín. hverfið annars vegar og fjölbreytt húsnæði hins vegar. Í báðum markmiðum er fjallað um mikilvægi hagkvæms húsnæðis fyrir ólíka notendur sem hluta af framfylgd stefnu svæðisskipulagsins.

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá.

6. Aðalskipulag Reykjavíkur: Nýi Skerjafjörður/málsnr. 1711003

Lögð fram til kynningar og umsagnar drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 varðandi breytta landnotkun og fjölgun íbúða í Skerjafirði.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við drög að aðalskipulagsbreytingu. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að svæðið sem um ræðir er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarássem sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir jafnframt að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar.

Sveinn Óskar Sigurðsson bókar gegn erindinu:

Fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ greiðir atkvæði gegn þessu verkefni eðli máls samkvæmt. Þetta verkefni meirihlutans í Reykjavík gengur of langt í að þrengja að rekstri flugvallarins í Vatnsmýrinni. Ekki liggur fyrir annað flugvallarsvæði næst höfuðborginni sem hægt er að nýta fyrir sjúkra- og innanlandsflug á Íslandi sem tryggir öryggi almennings.

7. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Hamranes /málsnr. 2005006

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á landnotkun úr verslun og þjónustu í miðkjarna.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi.

*JKA
##*



8. Aðalskipulag Garðabæjar: Norðurnes á Álftanesi /málsnr. 2006011

Lögð fram forkyning að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu í stækkun á golfvallarsvæði. Hafnarsvæði og hesthúsasvæði á Seylunni er breytt í opið svæði og afmörkun íbúðasvæða er breytt lítillega.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við forkyningu.

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá.

9. Aðalskipulag Garðabæjar: Vífilsstaðaland þróunarsvæði B/málsnr. 2001003

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands og þrjár deiliskipulagstillögur sem eru innan þess svæðis. Deiliskipulagstillögurnar eru Vetrarmýri - miðsvæði, Hnoðraholt norður og Rjúpnadalur. Við gildistöku deiliskipulags Hnoðrahólts norður og deiliskipulags Vetrarmýrar miðsvæði fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðrahólts- og Vetrarmýrar frá 1996 með síðari breytingum. Tillagan gerir ráð fyrir uppbygging íbúðarbyggðar, verslunar og þjónustu og útivistarsvæða.

Afgreiðsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi.

Samþykkt með tíu atkvæðum fulltrúa svæðisskipulagsnefndar.

Helga Hauksdóttir ítrekar bókun sem kom fram á 92. fundi svæðisskipulagsnefndar við sama erindi.

Sveinn Óskar Sigurðsson situr hjá.

10.

Ragnhildur Jónsdóttir og Sigurður Guðmundsson þurftu að víkja af fundi kl. 15:38 áður en fundarlið lauk.

Sveinn Óskar Sigurðsson leggur fram eftirfarandi bókun í lok fundar:

Bókun fulltrúa Miðflokksins í Mosfellsbæ vegna starfa embættismanna.

Það er hvorki talið siðferðislega rétt né eðlilegt að stjórnvaldamenn hlutist til um störf embættismanna þegar þeir vinna faglega að störfum sínum. Til að koma í veg fyrir slíkt gilda ákveðnar verklags- og samskiptareglur kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og stjórnenda hjá sveitarfélögum. Með sama hætti er hvorki siðferðislega rétt né eðlilegt að embættismenn hlutist til að bregða sér í störf sem tilheyra pólitískt kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum. Hjá svæðisskipulagsráði höfuðborgarsvæðisins hefur það verið tíðkað að svæðisskipulagsstjóri leggi fram minnisblað sem hann semur sjálfur og fer oftast en ekki yfir á svið hinnar pólitísku umræðu, dregur upp bókanir einhliða fyrir fundi og tekur þátt í þeim eins og um væri að ræða pólitísk kjörinn einstakling, n.k. aukamann til viðbótar við þá er skipa meirihluta í viðkomandi nefnd. Þetta er ekki aðeins óeðlilegt heldur stangast þetta fyrirkomulag við eðlilega stjórnsýslu. Óskað er eftir því að þessu verklagi verði breytt og að embættismaður vinni slíkt með formanni nefndarinnar, varaformanni, stjórn eða eftir atvikum framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar sbr. kjör á 84. fundi nefndarinnar 17. ágúst 2018.

JKF

HH



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Helga Hauksdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Daði Lárusson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ásgeir Sveinsson, Karen María Jónsdóttir, Marianna Huguín Helgadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson leggja fram eftirfarandi bókun:

Við höfnum því sem fram kemur í bókun Sveins Óskars Sigurðssonar, fulltrúa frá Mosfellsbæ, og lýsum yfir fullu trausti til vinnu starfsmanna svæðisskipulagsnefndar.

Ekki fleira var gert. Fundi lauk kl. 15:55

*Helga Hauksdóttir
Jón Kristmannsson
25. júní 2020*